SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar, nr. 991/2020.

1. gr.

2. mgr. 38. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

ÍBV héraðssambandi er heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa úr stjórn sambandsins og einn til vara til setu á fundum fjölskyldu- og tómstundaráðs þegar íþróttamál eru til umfjöllunar. Áheyrnarfulltrúinn hefur málfrelsi en hvorki tillögu- né atkvæðisrétt og skal víkja af fundi þegar önnur mál eru tekin til meðferðar.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarfulltrúa. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 21. október 2026.

F. h. r.
Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 5. nóvember 2026